

Stjórnarfundur 26. mars 2018

Mættir: Hjörtur Bergstað, Maríanna Gunnarsdóttir, Leifur Arason, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir og Þórir Örn Grétarsson.

Málefni tekin fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Almannadalur

Rætt um skipulagsmál og önnur málefni Almanndals. Heiðrún, Hjörtur og Leifur munu hitta stjórn Almannadalsfélagsins á næstu dögum og fara yfir málin með þeim.

3. Samningur við TM

Styrktarsamningur við Tryggingamiðstöðina er runninn út. Lagt til að farið verði í samningaviðræður við forsvarsmenn um áframhaldandi stuðning til 2-3ja ára. Tillagan samþykkt einróma.

4. Reiðvegir á Fákssvæðinu

Reiðvegir á Fákssvæðinu hafa margir hverjir farið illa í veðrinu. Framkvæmdastjórinn mun fara rúnt um svæðið eftir pásku og skipuleggja og koma lagfæringum í framkvæmd.

5. Meistaradeild æskunnar

Í ljósi breyttra aðstæðna í Meistaradeild æskunnar er lagt til að stofnuð verði sérbók fyrir meistaradeildina á kennitölu Fáks þar sem allar greiðslur fara inn og út. Tillagan samþykkt einróma.

6. Aðalfundur Fáks

Aðalfundur Fáks verður 4. apríl og hefur hann þegar verið auglýstur. Ennþá hafa ekki borist nein framboð til stjórnar.

7. Stórsýning Fáks

Logi Laxdal verður sýningastjóri í samstarfi við Sigga Matt. Hann mun fá greitt í samræmi við sýningastjóra undanfarinna ára.

8. Firmakeppni

Firmakeppni Fáks verður haldin 19. apríl nk. Firmanefndin mun sjá um söfnun styrkja að mestu leyti.. Keppnin verður haldin á kynbótabrautinni en polla/barnaflokkurinn verður í gerðinu á móti félagsheimilinu.

9. BM-Vallá

BM-Vallá eiga inni auglýsingu hjá Fáki en eiga eftir að velja sér stað fyrir hana. Það verður gert fljóttlega.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Heiðrún Sigurðardóttir.

Heiðrún Sigurðardóttir
188